

Í LEYNI

II. KONSEPT OG STAÐARVAL

Göngustígur út í Skorradalsvatn sem endurspeglar vatnsfarveg vottendis Fitjaár. Stígurinn veitir almenningi tryggan aðgang að vatninu og stýrir umferð ferðamanna um svæðið, þannig er náttúrin og friðlandinu hlíft við því að vera traðkað niður. Fitjaleyni hefur fjölþætta notkunarmögu- leika og býður uppá nánd við vatnið sem baðstað ásamt veitingum og hreinlætis- aðstöðu, bryggju þar sem hægt er að dorga eftir fisk og binda smábát við festar. Ásamt aðstöðu til fuglaskoðunar nærri vottendi Fitjaár.

Fitjaleyni dregur fram sérstöðu svæðisins sem er friðlandið og nálægð við vatnið, lífríkið tengt vottlandinu og mannlífinu úti á vatninu.

Stígurinn kallast á við sögu gömlu þjóðleiðarinnar sem kölluð var Prestaleiðin og er núna komin undir vatnsyfirborðið. Ferjubátur silgdi út eftir dalnum um 1940 frá Ósi og á milli bæjana í dalnum og liggur Fitjaleyni sjónrænt út með dalnum sem minni eftir leið bátsins, þannig er sögu svæðisins haldið á lofti.

Umferð ferðalanga er ekki tíð í dalnum en mikilvægt er að undirbúa svæðið fyrir komu ferðamanna til verndar náttúrunni.

Heitavatnsskortur er í innri Skorradal, jarðhiti er á svæðinu en hann á eftir að leiða til byggðar. Með þessu verkefni er stöðum rennt undir fastabúsetu í dalnum með styrkingu innviða, leiðslu á heitu vatni, atvinnu tækifærum í átt að sjálfbærri þróun og bættum samgöngum.

Skorradalsvatn er hreint. Lónið býður uppá fjölþætta upplifun á rými dalsins, speglun umhverfisins, litbrigðum náttúrunnar, kælingu og endurheimt á orku eftir langa göngu. Úti á vatninu er komist í snerti við umfangsmandi þungamiðju dalsins. Stígurinn liggur ofaná vatninu en á ákveðnum svæðum fara rými niður fyrir vatnsborðið sem veitir nýtt sjónarhorn og aukna nánd við vatnið.

Skorradalsvatn er mest um 60 m. á dýpt og 16 km. lagt. Vatnið er um 710 m á breidd þar sem Fitjaleyni er staðsett en Fitjaleyni sjálft er um 200 m á lengd og fer mest 3 m. niður í vatnið.

Aðvörunarskilti er staðsett við inngang göngupallsins vegna fallhættu út í vatnið. Þjörgunarhringir eru staðsettir með reglu- legu millibili út göngupallinn.

Loftmynd - Skali: 1.750

Veitingar

Smábátabryggja

Búningsklefar

Baðlaug

Aquarium

Upplýsingar og Fuglaskoðun

Planmynd - Skali: 1.300

Göngupallur Fitjaleynis liggur yfir vottendi friðlandsins og út á vatnið

Sérstaða svæðisins er einstök aðstaða til útiveru, blómstrandi menningarlíf, umfangsmandi jökulsvorfið rými, friðland og vatnasýn.

STEGU INN Á FRIÐLANDI VOTTENDIS FITJAÁR. TENGDUK GÖNGULEIÐ UM BORGARFJARRDALI



